



Reykjavík, 16. 6. 2020  
Tilvísun: 2020010033/EBH

Hrafnkell Á. Proppé  
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu  
[skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)  
[skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is)

## Efni: Borgarlínan. Ártúnshöfði – Hamraborg. Drög að matsáætlun. Maí 2020.

Vegagerðin gerir eftirfarandir athugasemdir við innsend drög að matsáætlun.

Þann 26. 9. 2019 undirrituðu sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúar ríkisstjórnarinnar samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum til 15 ára. Vegagerðin leggur áherslu á að í vinnu við Borgarlínu verði öll markmið samkomulagsins höfð að leiðarljósi. Vegagerðin leggur jafnframt áherslu á grein 2.4.6 úr svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins:

*Afkastageta stofnvega sem eru á forræði Vegagerðarinnar verður ekki minnkuð nema að greining sýni að ásættanlegt þjónustustig, sbr. aðgerð 2.4.1, náist áfram eða aðilar séu sammála um annað.*

Þó sá áfangi sem nú er til vinnslu komi að takmörkuðu leiti í inn á þjóðvegi geta áhrif á þá engu að síður verið umtalsverð og vinna þarf samgöngumat til að meta heildaráhrif fyrirhugðara breytinga.

Vegagerðin bendir á að veghönnunarreglur gilda um hönnun þjóðvega og að rétt sé að nefna þær sem einar af helstu hönnunarforsendum.

Samkvæmt Vegalögum nr. 80/2007 eru framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Minnt er á lög nr. 120/2012 um Vegagerðina sem framkvæmdastofnun samgöngumála. Þar kemur fram að Vegagerðin hefur það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins og að Vegagerðin skuli í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skuli stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

Vegagerðin telur að í drögum að matsáætlun Borgarlínu þurfí að gera grein fyrir áhrifum Borgarlínu, og tilheyrandi breytinga á umferðarskipulagi, á aðra samgöngumáta. Jafnframt þarf að gera betur grein fyrir hlutverki og ábyrgð Vegagerðarinnar varðandi samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Vegagerðin er opin fyrir frekara samráði vegna ofangreindra atriða varðandi áframhaldandi mats- og skipulagsvinnu vegna Borgarlínu.

Virkunarfullst,  
  
Erna Bárá Hreinsdóttir,  
forstöðumaður Skipulagsdeildar